

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. febrúar 2021 vegna auglýsingar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, Nesvík.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, Nesvík, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu á morgunn 12. febrúar 2021. Tillagan er í kynningu frá 12. febrúar 2021 til og með 26. mars 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kjalarnes-nesvik-0>

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Kjalarnes, Nesvík

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. febrúar 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 4. febrúar 2021 var samþykkt að endurauglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætлана, sem felst í uppbyggingu á ferðþjónustu á jörðinni. Áformin eru að reisa hótél og heilsulind með allt að 100 herbergjum auk 12 stakstæðra húsa sem verða leigð út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hönnun og frágangur miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og falla sem best að landi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1.** hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **12. febrúar 2021 til og með 26. mars 2021.** Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 26. mars 2021.** **Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is